

## M-CHAT-R™

Vinsamlega svaraðu eftirfarandi spurningum um barnið þitt. Hafðu í huga hvernig barnið hegðar sér venjulega. Ef þú hefur séð tiltekna hegðun hjá barninu í nokkur skipti, en það sýnir hana ekki venjulega, svaraðu þá **nei**. Vinsamlega gerðu hring um já eða **nei** fyrir hverja spurningu. Takk fyrir.

1.	Þegar þú bendir á eitthvað hinum megin í herberginu, horfir barnið á það? <b>(TIL DÆMIS, þegar þú bendir á leikfang eða dýr, horfir barnið á leikfangið eða dýrið?)</b>	Já	Nei
2.	Hefur þú einhvern tíma velt fyrir þér hvort barnið gæti verið heyrnarskert?	Já	Nei
3.	Leikur barnið þykjustu- eða ímyndunarleiki? <b>(TIL DÆMIS, þykjast drekka úr tómum bolla, þykjast tala í síma eða þykjast mata dúkku eða tuskudýr?)</b>	Já	Nei
4.	Finnst barninu gaman að klifra? <b>(TIL DÆMIS, á húsgögnum, í útileiktækum eða í stigum)</b>	Já	Nei
5.	Sýnir barnið <u>óvenjulegar</u> fingrahreyfingar nálægt augunum? <b>(TIL DÆMIS, hristir barnið fingurna hratt upp og niður nálægt augunum?)</b>	Já	Nei
6.	Bendir barnið með einum fingri til að biðja um eitthvað eða til að fá hjálp? <b>(TIL DÆMIS, að benda á snakk/nammi eða leikfang sem er utan seilingar)</b>	Já	Nei
7.	Bendir barnið með einum fingri til þess að sýna þér eitthvað áhugavert? <b>(TIL DÆMIS, að benda á flugvél á lofti eða stóran vörubíl á veginum)</b>	Já	Nei
8.	Hefur barnið áhuga á öðrum börnum? <b>(TIL DÆMIS, horfir barnið á önnur börn, brosir til þeirra eða fer til þeirra?)</b>	Já	Nei
9.	Sýnir barnið þér hluti með því að koma með þá til þín eða að halda þeim á lofti svo þú getir séð þá – ekki til að fá hjálp, bara til að deila með þér? <b>(TIL DÆMIS, að sýna þér blóm, tuskudýr, eða leikfangabíl)</b>	Já	Nei
10.	Bregst barnið við nafninu sínu þegar þú kallar? <b>(TIL DÆMIS, lítur það upp, talar, bablar, eða hættir því sem það er að gera þegar þú kallar á það með nafni?)</b>	Já	Nei
11.	Þegar þú brosir til barnsins, brosir það til baka?	Já	Nei
12.	Kemur hversdagslegur hávaði barninu í uppnám? <b>(TIL DÆMIS, öskrar barnið eða grætur vegna hávaða í ryksugu eða háværrar tónlistar?)</b>	Já	Nei
13.	Gengur barnið óstutt?	Já	Nei
14.	Horfir barnið í augun á þér þegar þú talar við það, leikur við það eða klæðir það?	Já	Nei
15.	Reynir barnið að herma eftir því sem þú gerir? <b>(TIL DÆMIS, vinka bless, klappa, eða framkalla skemmtileg/sniðug hljóð þegar þú gerir það)</b>	Já	Nei
16.	Þegar þú snýrð höfðinu til þess að horfa á eitthvað, horfir barnið í kringum sig til þess að sjá hvað þú ert að horfa á?	Já	Nei
17.	Reynir barnið að fá þig til að horfa á sig? <b>(TIL DÆMIS, horfir barnið á þig til að fá hrós eða segir „sjáðu“ eða „sjáðu mig“?)</b>	Já	Nei
18.	Skilur barnið þegar þú segir því að gera eitthvað? <b>(TIL DÆMIS, ef þú bendir ekki, getur barnið skilið „settu bókina á stólinn“ eða „komdu með teppið til míni“?)</b>	Já	Nei
19.	Þegar eitthvað nýtt gerist, horfir barnið framan í þig til þess að sjá hvað þér finnst um það? <b>(TIL DÆMIS, þegar það heyrir skrýtin eða skemmtileg hljóð eða sér nýtt leikfang, horfir það þá framan í þig?)</b>	Já	Nei
20.	Finnst barninu hreyfileikir skemmtilegir? <b>(TIL DÆMIS, að láta sveifla sér eða vera hossað á hnjánum þínum)</b>	Já	Nei